

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 57/1962. **Verkamannafélagið Dagsbrún**

gegn

**Kassagerð Reykjavíkur h/f.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar **Hæstaréttar.**

Staðfestur úrskurður um synjun frávisunar máls frá dómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. marz 1962, er barst Hæstarétti 11. apríl s.l. Hann krefst þess, að lögbannsgerð, er í málinu greinir, verði felld úr gildi, málinu verði vísað frá bæjarþingi og fúgetadómi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í hér- aði og kærúmálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærúmálskostnað, kr. 3000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði varnaraðilja, Kassagerð Reykjavíkur h/f, kærúmálskostnað, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1962.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m., hefur Kassagerð Reykjavíkur h/f höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1961, gegn stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeim Eðvarði Sigurðssyni formanni, Guðmundi J. Guðmundssyni varaformanni, Tryggva Emilssyni ritara, Tómasi Sigurþórssyni gjaldkera, Kristjáni Jóhannessyni fjármálaritara, Halldóri Björnssyni meðstjórnanda og

Hannesi M. Stephensen meðstjórnanda, öllum í Reykjavík, persónulega og fyrir hönd Verkamannafélagsins Dagsbrúnar in solidum til greiðslu á tjónbótum, að fjárhæð kr. 338.457.14 ásamt 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 21. júní 1961 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Þá er málið höfðað til staðfestingar á lögbanni, uppkveðnu að kröfu stefnanda á hendur stefndu af borgarfégetanum í Reykjavík hinn 21. júní 1961.

Stefndu hafa krafizt þess, aðallega að umrædd lögbannsgerð verði felld úr gildi og að málinu verði vísað frá fégetadómi og bæjarþinginu, en *til vara*, að umrædd lögbannsgerð verði úr gildi felld og stefndu verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna sérstaklega, og er málið hér nú eingöngu dæmt um þá hlið þess.

Málsatvik eru þessi:

Í maí- og júnímánuði 1961 var Verkamannafélagið Dagsbrún í verkfalli við atvinnurekendur. Stefnandi máls þessa rekur iðnfyrirtæki, og eru starfsmenn þess að mestu eða öllu leyti félagsmenn í félagi verksmiðjufólks, Iðju, en það félag var eigi í verkfalli á þessum tíma. Stefnandi hefur verksmiðjur við Skúlagötu og Kleppsveg hér í borg. Notaði fyrirtækið eigin vörubifreiðar til flutninga á efnivöru milli verksmiðjustaða þessara. Stefnandi taldi ökumenn bifreiðanna tilheyra félagsskap sínum, og á tímabilinu frá 29. maí til 21. júní hindruðu félagsmenn stefnda, „verkfallsverðir“, að flutningar gætu farið fram með bifreiðunum milli verksmiðja stefnanda. Kom til einhverra átaka í þessu sambandi, og tókst „verkfallsvörðunum“ að hindra flutningana að mestu eða öllu leyti. Hinn 21. júní s. á. fékk stefnandi sett á lögbann við þessum aðgerðum „verkfallsvarða“, og er mál þetta höfðað til staðfestingar því lögbanni svo og til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, er stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna aðgerðanna.

Stefnandi telur þessar aðgerðir gegn sér vera refsiverðan verknað, er stefndu sem fyrirvarsmenn hins stefnda félags beri ábyrgð á. Aðgerðir þessar hafi algerlega verið ólöglegar. Stefnandi hafi ekki verið aðili að verkfalli því, er félag stefnda hafi verið í, og því hafi sér verið heimilt að halda áfram starfrækslu sinni með aðstoð starfsmanna sinna, sem ekki hafi verið í verkfalli.

Stefndi styður frávisunarkröfu sína þeim rökum, að stefnandi byggji málshöfðun sína í málinu eingöngu á refsiverðum aðgerðum „verkfallsvarðanna“. Kæra um það atriði hafi farið fyrir lögregluvirvöld, en saksóknari ríkisins hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir af hálfu ákærvaldsins gegn mönnum þeim, er að aðgerðunum stóðu. Þessi úrlausn saksóknara ríkisins sé res judicata fyrir þennan dómstól. Eftir standi því það atriði, hvort aðgerðirnar séu lögmætar aðgerðir í verkfalli. Ökumenn vörubifreiða atvinnufyrirtækja lúti kjarasamningum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Stefnandi hafi látið aðra starfsmenn sína, sem ekki eru félagsmenn Dagsbrúnar, ganga í störf vörubifreiðarstjórnanna. Aðgerðir „verkfallsvarðanna“ hafi því eingöngu beint að því að hindra þær aðgerðir. Þetta atriði eigi því samkvæmt 44. gr., 1. tölul., laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur undir úrskurðarvald félagsdóms.

Stefnandi, sem krafizt hefur þess, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið, byggir þá kröfu sína á því, að verkfall Dagsbrúnar hafi ekki komið stefnanda við. Þeir tveir menn, sem í verksmiðju hans vinni og lúti kjarasamningi Dagsbrúnar, hafi strax í upphafi verkfallsins fellt niður vinnu. Aðgerðir „verkfallsvarðanna“ hafi því verið algerlega ólöglegar og brot á refsilögum. Beri stefndu fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir af þeim sökum. Úrlausn þessa atriðis eigi undir úrskurðarvald almennra dómstóla. Skipti í því sambandi eigi máli, þó ákærvaldið hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir um refsingu á hendur mönnum, sem að aðgerðunum stóðu. Sú ákvörðun ákærvaldsins hindri stefnanda eigi í því að höfða skaðabótamál vegna hinna ólögmætu aðgerða.

44. gr., 1. tölul., laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélag og vinnudeilur segir verkefni Félagsdóms vera að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögunum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. Deiluefni aðilja í máli þessu takmarkast við það, hvort aðgerðir þær, sem hér að framan hefur verið lýst, hafi verið lögmæt eða ólögmæt réttarvarzla af hálfu „verkfallsvarðanna“ og um hugsanlega skaðabótaskyldu vegna tjóns, er af þeim kann að hafa orðið. Eigi verður talið, að ágreiningsefni þetta falli undir verkefni Félagsdóms, heldur verður það talið eiga undir úrskurðarvald hinna almennu dómstóla. Afstaða ákærvaldsins um að fella niður refsíábyrgð vegna hinna margnefndu aðgerða er eigi því til hindrunar, að þessi dómstóll leggi úrlausn á sakarefnið. Verður því frávisunarkrafa

stefndu eigi til greina tekin.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávisunarkrafa stefndu verður eigi til greina tekin.

Nr. 89/1960. Miðvikudaginn 16. maí 1962.  
**Sigurjón Guðmundsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Félagi vatnsvirkja**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 28.202.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Guðmundsson, greiði stefnda.